

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 30. ágúst 2018  
UST201807-162/B.S.  
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag - Hitaveita í Hornafirði. Umsögn**


Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 19. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.


Deiliskipulagið nær yfir vinnslusvæði í landi Hoffells, Miðfells og Birkifells þar sem ætlunin er að koma upp aðstöð til að virkja lághita til hitaveitureksturs. Nær vinnslusvæðunum er rekin ýmis önnur starfsemi s.s. ferðaþjónusta.

Ráðgert er að grafa niður aðveitulagnir frá borholum, en mest áberandi mun verða miðlunartankur sem standa mun hærra í landi en borholurnar. Lögn til þéttbýlis í Hornafirði verður niðurgrafin og mun sú framkvæmd verða tilkynnt til Skipulagsstofnunar.

Hér er um framkvæmdir að ræða á svæðum þar sem ýmis önnur mannvirki eru nú þegar til staðar. Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á góðan frágang og umgengni um vinnslusvæðin. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri